

STJÓRNARTÍÐINDI B 86 – 2001

23. ágúst 2001

1625

Nr. 635

AUGLÝSING

um bann við flutningi sláturfjár yfir sauðfjárveikivarnarlínur.

1. gr.

1. Óheimilt er að flytja til slátrunar á Hornafirði fullorðið fé úr Mýrdals- og Skaftártunguhólfum og einnig af svæðinu norðan Hamarsár. Sama gildir um fullorðið fé úr varnarhólfum vestan Þjórsár.
2. Óheimilt er að flytja til slátrunar á Kirkjubæjarklaustri fé (sláturlömb og fullorðið) úr varnarhólfum vestan Markarfljóts og austan Jökulsár á Breiðamerkursandi. Sama gildir um flutning á fullorðnu fé úr Mýrdalshólfi og Skaftártunguhólfi.
3. Óheimilt er að flytja til slátrunar á Vopnafirði fullorðið fé úr Jökulsárhlíð, Jökuldal og svæðum sunnan Jökulsár á Brú.
4. Óheimilt er að flytja til slátrunar á Kópaskeri sláturfé af svæðum vestan Jökulsár á Fjöllum. Sama gildir um sláturfé úr Jökulsárhlíð, Jökuldal og svæðum sunnan Jökulsár á Brú.
5. Einungis er heimilt að flytja til slátrunar á Laxá í Leirársveit sláturfé úr Borgarfjarðarhólfi syðra og nyrðra, Dalahólfi syðra og nyrðra, Mýrahólfi, Snæfellsneshólfi og Hnappadalshólfi.

2. gr.

Með brot gegn auglýsingu þessari skal farið samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim ásamt síðari breytingum.

3. gr.

Auglýsing þessi er birt skv. heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing um bann við flutningi sláturfjár yfir sauðfjárveikivarnarlínur nr. 683/1999.

Landbúnaðarráðuneytinu, 23. ágúst 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.